

Nr. 31.  
14.  
desbr.

## L ö g

um

að skipta Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu, hvorri um sig, í tvö sýslufjelög.

**Vjer Christian hinn Niundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi i Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:  
1. grein.

Að því, er stjórn sveitarmálefna snertir, skal Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu, hvorri um sig, skipt í tvö sýslufjelög; skilur Reykjaheiði sýslufjelög Þingeyjarsýslu, en Skeiðarársandur sýslufjelög Skaptafellssýslu, eins og sýslur að fornu. Hvort þessara sýslufjelaga hefir sinn fjárhag og sveitarmálefni út af fyrir sig.

2. grein.

Í hverju sýslufjelagi um sig skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4 maím. 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eptir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna.

3. grein.

Sjóðum eða skuldum hvors þessara sýslufjelaga, eins og þau nú eru, skal skipt eptir samanlagðri tölum fasteignarhundraða og lausafjárhundraða í hinum nýju sýslufjelögum.

4. grein.

Landshöfðingi gjörir ráðstafanir til þess, að koma lögum þessum í verk, svo fljótt sem verða má.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 14. dag desbrm. 1877.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

**L o v**

om

Nr. 31.  
14de  
Decbr.

Things Syssels og Skaptafells Syssels Deling hvert for sig i to Syssel-Kommuner.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vor Samtykke stadsfæstet følgende Lov:

**§ 1.**

I communal henseende deles Things Syssel og Skaptafells Syssel hvert for sig i to Syssel-Kommuner, mellem hvilke Grændsen dannes i Things Syssel af Neyfja Heidi og i Skaptafells Syssel af Skeidararfand overensstemmende med den gamle Syssel-Inddeling. Hver af de nævnte Syssel-Kommuner skal have sin særskilte Formue og Kommuneanliggender for sig selv.

**§ 2.**

I hver Syssel-Kommune overtager et Sysselstifterstykke Bestyrelsen af de kommunale Anliggender i Overensstemmelse med Forordningen om de islandiske Landkommuners Styrelse af 4de Mai 1872. Foruden Sysselmanden som Sysselstifterstykkes Formand har et af hver Rep. efter de i nævnte Forordning fastsatte Regler angaaende Valg af Sysselstifterstykkes-Medlemmer valgt Medlem Sæde i hemeldte Sysselstifterstykker.

**§ 3.**

Hver af de heromhandlede Syssel-Kommuners Aktiver og Passiver bør, saaledes som de nu ere, deles i Forhold til det sammenlagte Antal af saavel Vordegodshundreder som Løsegodshundreder i de nye Syssel-Kommuner.

**§ 4.**

Landshövdingen træffer de fornødne Foranstaltninger til saa snart som muligt at gjennemføre nærværende Lov.

Hvorefter alle Bedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 14de December 1877.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellemann.*